

27. júlí 2005

1649

Nr. 742

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

27. júlí 2005

Nr. 743

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, verslunar- og þjónustusvæði við Snæfellsveg, Borgarnesi.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði suðaustan við Snæfellsveg stækkar til austurs og suðurs á kostnað athafnasvæðis og íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

27. júlí 2005

Nr. 744

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, milli Hólsár og skólasvæðis.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 1985-2005, frá 2. desember 1985.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Framtíðar íbúðarsvæði er felld niður ásamt vegtengingu inn á svæðið.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu er minnkað og breytist að hluta til í svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota.
- Opið óbyggt svæði sunnan, norðan og vestan svæðis fyrir verslun og þjónustu breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
- Opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði við tjaldsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Barðastaðir í Staðarsveit.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að 4,5 ha landbúnaðarsvæði í landi Barðastaða breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*